

Nr. 37/1902:

Jón Sigurðsson

gegn

Árna Árnasyni.

D ó m u r:

Snemma í ágústmánuði 1901 skrifaði áfrýjandinn, Jón Sigurðsson, sem þá var bóndi á Syðstu-Mörk, en síðar flutti sig til Reykjavíkur, hinum stefnda, bónda í Mið-Mörk Árna Árnasyni, bréf eitt, sem Árna þótti svo móðgandi og meiðandi fyrir sig, að hann lögsótti Jón Sigurðsson til sektar fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var málinu ráðið þar til lykta með dómi réttarins 27. nóvember f. á., á þá leið, að Jón Sigurðsson var dæmdur til að greiða 100 kr. sekt til landssjóðs, en til vara sæta 20 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða 40 kr. í málskostnað; jafnframt voru ýms meiðandi og óvirðandi ummæli í áður nefndu bréfi dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefir Jón Sigurðsson skotið til yfirréttarins, með stefnu, útgefinni 13. desbr. f. á., og krafist þess hér fyrir réttinum, að hann verði alsýknaður í málinu, en til vara, að sektin verði færð niður sem frekast má verða, og að honum verði, hvernig sem fer, tildæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir báðum réttum. Á hinn bóginn hefir stefndi, Árni Árnason, krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er eigi vafi um það í málinu, að áfrýj-

andinn hafi skrifað áminst bréf frá Syðstu-Mörk í byrjun ágústmánaðar 1901 og stílað það til stefnda. Ummæli þau í bréfinu, sem stefndi átelur, eru þessi: »Veit hundur hvað étið hefir«; »annars óska eg og vona, að samvizka þín vakni innan skamms og þú lifir það sem eftir er æfinnar sem samvizkusamur og ráðvandur maður«; »en hvað er að nefna við þig ráðvendni, guð og samvizku; að þeim orðum gjörir þú að öllum líkindum gys, að athuguðum þínum eiginlegleikum. Sjálfsagt má virða þér til vorkunnar, þó þú eigi komir að kirkju á sunnudögum, því þá þarft þú að öllum líkindum að fara þá daga til aflafanga, þá til fjalls, ef ekki sjós, og ekki sízt þegar út hallar sumri og framan af vetri«. Ummæli þessi, sem öll hafa verið dæmd ómerk með undirréttardóminum, eru sum svívirðandi fyrir stefnda, einkanlega hin fyrst tilgreindu, sum ærumeiðandi, að því leyti að í þeim felst augljós aðdróttun um guðleysi, samvizkuleysi og óráðvendni og óleyfileg aflaföng, og öll eru þau freklega móðgandi fyrir hann, en engin tilraun hefir af áfrýjanda hálfu verið gjörð til að réttlæta þau. Þó að þau hafi komið fram í privatbréfi, varða þau engu að síður við lög, og hefir áfrýjandi unnið til refsingar fyrir þau samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 217. og 219. gr., og þykir refsingin fyrir þau eigi of hátt ákveðin í undirréttardóminum 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn einnig verður að sam-

þykkja ákvæði téðs dóms um ómerkingu meiðyrða og málskostnað, ber að staðfesta dómian í öllum greinum. Þar eð áfrýjandi eigi mætti fyrir sátta-nefndinni, þó löglega væri stefndur, og án þess forföll væru sönnuð, verður hann og að greiða sekt til landssjóðs samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, 1. gr., er ákveðst 4 kr., og eftir úrslitum málsins verður hann einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega ákveðinn 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Jón Sigurðsson greiði ennfremur sekt til landssjóðs 4 kr. og málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 9/1903: Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps
 gegn
 Fr. og M. Kristjánssonum.

D ó m u r:

Haustið 1901 lagði áfrýjandi, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, sveitarútsvar, að upphæð 65 kr., á hina stefndu, Fr. og M. Kristjánssyni, sem eru búsettir á Akureyri, með því að þeir höfðu látið stunda síldveiði þá um haustið fyrir landi